

Elisabet Zeuthen Schneider fiðluleikari stundaði nám hjá Milan Vitek og Endre Wolf við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Hún stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum hjá Stanley Ritchie í Bloomington og í New York hjá Isidore Cohen frá Beaux Arts tríóinu. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga meðal annars styrk úr Gade-sjóðnum og ferðastyrki sem kenndir eru við Carl Nielsen og Sonningssjóðinn. Elisabeth Zeuthen hefur starfað með Det kgl. Kapel og dönsku útvarpshljómsveitinni. Hún hefur leikið einleik með helstu hljómsveitum í Danmörku og hefur meðal annars haldið tónleika í Bandaríkjunum og víða á meginlandi Evrópu. Elisabeth Zeuthen Schneider er dósent við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.

Halldór Haraldsson lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1960 og stundaði síðan framhaldsnám hjá Gordon Green við Royal Academy of Music í London árin 1962-65, en þaðan lauk hann prófi sem einleikari. Halldór hélt sína fyrstu opinberu tónleika á vegum Tónlistarfélagssins í Reykjavík 1965. Síðan hefur hann haldið fjölda tónleika bæði heima og erlendis og var til dæmis valinn til að fara í tónleikaferð um öll Norðurlönd á vegum Nordisk Solistråd 1973. Þá hefur hann leikið marga píanókonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands, verið virkur í kammertónlist og farið í margar utanlandsferðir í því skyni. Halldór hefur frumflutt mörg verk íslenskra samtíðartónskálda og hefur haldið tónleika með Gísla Magnússyni píanóleikara þar sem þeir hafa leikið verk fyrir tvö píanó. Árið 1988 stofnaði hann Tríó Reykjavíkur ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara. Halldór hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík síðan 1966 og er nú skólastjóri við sama skóla.

NÆSTU TÓNLEIKAR Í SUMARTÓNLEIKARÖÐ SIGURJÓNSSAFNS 1998

Þriðjudaginn 25. ágúst kl. 20:30. **Kristjana Helgadóttir** flauta og **Dario Macaluso** gítar. Verk eftir Mauro Giuliani, Astor Piazzolla, Þorkel Sigurbjörnsson, Alberto Ginastera, Heitor Villa-Lobos og Riccardo Malipiero.

Þriðjudaginn 1. sept. kl. 20:30. **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Junah Chung** lágfíðla og **Sigurður Halldórsson** selló, leika verk eftir Beethoven, Haydn og Martinu.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Elisabeth Zeuthen Schneider
fiðluleikari

Halldór Haraldsson
píanóleikari

Þriðjudaginn 18. ágúst 1998 kl. 20:30

J.P.E. Hartmann var ásamt Niels W. Gade (1818-1890) eitt mikilvægasta tónskáld danskra „gullaldrarómantikur”. Meðal kammerverka hans eru þrjár sönötur fyrir fiðlu og píanó. Sú fyrsta, sem hér verður leikin, nr. 1 í g-moll opus 8, samdi hann árið 1826. Verk þetta ber einkenni ungs manns, fullum af rómantískum hugmyndum og undir áhrifum frá tónskáldinu Kuhlau. Í þessu verki má einnig heyra áhrif frá öðrum tónskáldum samtímans. Hartmann vinnur, á sinn sérstaka hátt, úr þessum áhrifum.

Emil Hartmann (1836-1898), sonur þess fyrrnefnda, var mjög gott tónskáld, en féll í skugga föður síns vegna frægðar hans. *Andante og allegro* er undir áhrifum svipaðra verka síns tíma sem mörg þekkt tónskáld sömdu, en þau byrjuðu yfirleitt á hægum inngangi sem leiddi yfir í hraðan lokapátt.

Carl Nielsen (1865-1931), er talinn meðal helstu sinfónískra tónskálda aldarinnar, en hann er einnig höfundur ástsælla sönglaga sem eru orðin samgróin danskri söngmenningu. Meðal kammerverka hans eru tvær sönötur fyrir fiðlu og píanó. Í sönötunni í A-dúr opus 9, vinnur hann mikið úr efnivið sínum, gerir margvíslegar tilraunir með tónbil, raddfærslu og hljómagang, sem tekur á sig nýstárlegar myndir og gefur í skyn sinfóníska stærð með efnismiklum vefnaði.

Efnisskrá

- | | |
|----------------------------------|--|
| J.P.E. Hartmann
(1805 - 1900) | Sónata fyrir fiðlu og píanó í g-moll op. 8
Allegro
Scherzo. Allegro non troppo. Trio
Andantino
Allegro |
| Emil Hartmann
(1836 - 1898) | Andante og allegro fyrir fiðlu og píanó op. 12 |
| Carl Nielsen
(1865 - 1931) | Sónata fyrir fiðlu og píanó í A-dúr op. 9
Allegro glorioso
Andante
Allegro piacevole e giovanile |